



# SÖFNUNARLÍFTRYGGING með fjárfestingaráhættu

## Vátryggingarskilmálar nr. LX 10

### Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. LX10.
- Beiðni um söfnunarlíftryggingu.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga frammar ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga frammar frávikjanlegum lagaákvæðum.

### Efnisyfirlit:

#### A Líftryggingarákvæði

1. Vátryggður
2. Réttahafar
3. Vátryggingin gildir
4. Bótasvið
5. Vátryggingarfjárhæð
6. Áhættubreyting
7. Útreikningur iðgjalds
8. Tilkynning um vátryggingaratburð
9. Krafa um bætur
10. Greiðsla bóta
11. Vextir af bótafjárhæð

#### B Fjárfestingarákvæði

12. Rekstrarfélög
13. Söfnunarleiðir
14. Færsla á milli söfnunarleiða
15. Endurstilling
16. Útborgun
17. Innlausnargjald

#### C Iðgjaldatrygging (valkvætt)

18. Bótasvið
19. Missir starfsorku
20. Mat á starfsorkumissi
21. Áhættubreyting
22. Útreikningur iðgjalds

#### D Sameiginleg ákvæði

23. Upplýsingaskylda við gerð vátryggingarsamnings
24. Upphaf ábyrgðar félagsins
25. Breytingar á samningi
26. Framlenging samnings
27. Samningslok
28. Ráðstöfun iðgjaldaeininga
29. Greiðsla iðgjalds
30. Skuldajöfnun
31. Uppsögn á vátryggingartímabili

32. Upplýsingaskylda við uppgjör bóta
33. Svíksamleg háttsemi
34. Vísitölubinding
35. Endurkaup
36. Fyrning
37. Veðsetning
38. Framsal
39. Tilkynning um aðsetursskipti
40. Gjaldmiðill
41. Meðferð ágreiningsmála
42. Varnarþing

### Inngangur

Vátryggingarskilmáli þessi gildir fyrir söfnunarlíftryggingu Líftryggingafélags Íslands hf. sem innifelur dánaráhættulíftryggingu og söfnun með fjárfestingaráhættu. Söfnunarlíftrygging er svonefnd “einingartengd líftrygging” (unit-linked) þar sem engin loforð eru gefin um ávöxtun og vátryggingartaki ber sjálfur fjárfestingaráhættuna.

Fyrir mánaðarlegt iðgjald vátryggingartaka eru keyptar iðgjaldaeiningar. Mismunur á kaup- og sölugengi iðgjaldaeininga kemur fram á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun og inni í því er kostnaður vegna kaupa á verðbréfum fyrir iðgjaldaeiningar. Hluta iðgjaldaeininga er ráðstafað til greiðslu á iðgjaldi dánaráhættu-líftryggingar og iðgjaldatryggingar þar sem hún er innifalin. Það sem eftir stendur af iðgjaldaeiningum fer í nafni félagsins til ávöxtunar vegna söfnunarþáttar vátryggingarinnar í verðbréfum samkvæmt valinni söfnunarleið vátryggingartaka er kemur fram á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

Verðbréfasöfn vegna söfnunarlíftryggingar verða í eigu Líftryggingafélags Íslands hf., en vátryggingartakar eiga jafnmargar iðgjaldaeiningar hjá félaginu og eignir félagsins eru í viðkomandi verðbréfum vegna söfnunarþáttar vátryggingarinnar í krónum talið. Fjöldi iðgjaldaeininga tekur breytingum eftir ávöxtun fjárfestinga á hverjum tíma.

### Hugtaka- og orðaskilgreiningar

Eftirfarandi skilgreiningar gilda í samskiptum félagsins og vátryggingartaka við túlkun samningsins:



**Aðalgjalddagi váttryggingar** sem greitt er af mánaðarlega er 11 mánuðum eftir lok útgáfumánaðar váttryggingarinnar og árlega sama mánaðardag eftir það.

**Gildistími** merkir það tímabil sem váttryggingin er í gildi og samningsbundnið iðgjald er greitt.

**Mánaðarlegt iðgjald** merkir samningsbundna greiðslu til félagsins.

**Iðgjaldaeiningar** merkja jafnvirði mánaðarlegs iðgjalds að teknu tilliti til kaup- og sölugengis hjá Líftryggingafélagi Íslands hf. á hverjum tíma og er hver iðgjaldaeining jafngildi einnar íslenskrar krónu.

**Samningstími** merkir tímabilið frá útgáfudegi váttryggingarskírteinisins til þess lokadags sem þar er tilgreindur.

**Söfnunarleið** merkir val váttryggingartaka á því hvernig iðgjaldaeiningum er varið til fjárfestinga.

**Söfnunarpáttur váttryggingarinnar** merkir fjölda iðgjaldaeininga váttryggingartaka hjá félaginu á hverjum tíma.

## A Líftryggingarákvæði

### 1. Váttryggður

Váttryggður er sá sem nefndur er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

### 2. Réttthafar

Réttthafi er sá sem á rétt til þess að fá váttryggingarfjárhæðina greidda eftir að váttryggingaratburður hefur orðið. Váttryggingartaki getur tilnefnt einn eða fleiri réttthafa að váttryggingarfjárhæð. Ef váttryggingartaki tilnefnir engan réttthafa rennur váttryggingarfjárhæðin til maka hans. Ef maki er ekki til staðar fellur váttryggingarfjárhæðin til erfingja samkvæmt lögum eða erfðaskrá.

### 3. Váttryggingin gildir

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

### 4. Bótasvið

4.1 Félagið greiðir bætur vegna andláts váttryggðs.

4.2 Hafi váttryggður framið sjálfsvíg ber félagið ábyrgð ef meira en ár er liðið frá því að ábyrgð þess hófst eða telja má sannað að váttryggingin hafi verið tekin án þess að sjálfsvíg hafi verið haft í huga.

## 5. Váttryggingarfjárhæð

Váttryggingarfjárhæð kemur fram í váttryggingarskírteini.

## 6. Áhættubreyting

Tilkynna ber tafarlaust til félagsins sérhverja breytingu sem getur haft áhrif á áhættu félagsins, svo sem varðandi reykingar eða sérstaka áhættu tengda starfi eða tómsendum, t.d. einka- og svifflug, svífdrekaflug, fjallaklifur, köfun og akstursíþróttir. Einnig ber að tilkynna félaginu ef ferðast er til landa þar sem stríð geisar. Láti váttryggingartaki eða váttryggður hjá líða að tilkynna félaginu um áhættubreytingu getur það valdið lækkun bóta, sbr. 88. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 7. Útreikningur iðgjalds

7.1 Iðgjald váttryggingarinnar er háð aldri, kyni og því hvort váttryggður reykir eða stundar atvinnu eða tómsundaiðju sem sérstök áhætta fylgir. Einnig hafa ferðir til landa þar sem stríð geisar áhrif á iðgjaldið.

7.2 Félagið áskilur sér rétt til að ákvarða endurnýjunariðgjald með hliðsjón af almennri áhættubreytingu og öðrum þeim orsökum sem valda röskun á bótagrundvellingum.

7.3 Sé einn váttryggður er iðgjald reiknað af mismun váttryggingarfjárhæðarinnar og söfnunarpáttar á aðalgjalddaga.

7.4 Séu tveir váttryggðir með sama váttryggingarskírteini er iðgjald reiknað af mismun váttryggingar-fjárhæðanna og söfnunarpáttar á aðalgjalddaga. Frádráttur söfnunarpáttarins er í sama hlutfalli og váttryggingarfjárhæð hvors um sig af heildar váttryggingarfjárhæðinni.

7.5 Ekki er reiknað iðgjald vegna váttryggingar ef söfnunarpáttur er hærrí en váttryggingarfjárhæð.

## 8. Tilkynning um váttryggingaratburð

Þegar váttryggingaratburður hefur orðið skal réttthafi skýra félaginu frá því án ástæðulauss dráttar.

## 9. Krafa um bætur



Látist váttryggður á gildistíma váttryggingarinnar getur réttthafi krafist greiðslu bóta ásamt söfnunarþætti, ef hann er til staðar, 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til þess að kanna ábyrgð sína og reikna út fjárhæð bótanna, sbr. 121. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Við greiðslu ber að afhenda váttryggingarskírteinið áritað af réttthafa.

## 10. Greiðsla bóta

Látist váttryggður á gildistíma váttryggingarinnar gilda eftirfarandi ákvæði:

10.1 Sé einn váttryggður og látist hann á gildistímanum fær réttthafi útgreidda váttryggingarfjárhæðina ásamt söfnunarþætti umfram tilgreinda váttryggingar-fjárhæð, ef hann er til staðar, og fellur váttryggingin úr gildi.

10.2 Séu tveir váttryggðir með sama váttryggingarskírteini og látist annar þeirra á gildistíma váttryggingarinnar fær réttthafi útgreidda váttryggingarfjárhæð hins látna og lækkar söfnunarþáttur samkvæmt váttryggingarskírteininu í sama hlutfalli og sú fjárhæð er af heildar váttryggingarfjárhæðinni, þó ekki umfram útgreidda váttryggingarfjárhæð. Ef hinn látni er jafnframt váttryggingartaki fellur váttryggingin úr gildi.

## 11. Vextir af bótafjárhæð

Réttur til vaxta af bótafjárhæð er í samræmi við 123. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

## B Fjárfestingarákvæði

### 12. Rekstrarfélög

Félagið gerir á hverjum tíma samninga við tiltekin rekstrarfélög, eitt eða fleiri, um varðveislu og ávöxtun vegna söfnunarþáttar váttryggingarinnar.

### 13. Söfnunarleiðir

Valin söfnunarleið váttryggingartaka kemur fram á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

Samsetning einstakra söfnunarleiða getur breyst, samanber ákvæði í váttryggingarbeiðni.

Fjárfestingaráhættan er váttryggingartaka.

### 14. Færsla á milli söfnunarleiða

Á því ári er sjálfvirkur flutningur á sér stað á milli tiltekinna söfnunarleiða samkvæmt váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun mun flutningur-inn eiga sér stað innan þess ársfjórðungs er váttryggingartaki nær hinum tilgreinda aldri. Félagið mun tilkynna váttryggingartaka um flutninginn á síðasta aðalgjaldþingi fyrir það tímamark.

## 15. Endurstilling

Ef hlutföll verðbræfaeignar innan tiltekinna söfnunarleiðar breytast um 10 prósentustig eða meira frá fjárfestingarstefnu leiðarinnar samkvæmt váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun á sér árlega stað sjálfvirk endurstilling fjárfestinga innan söfnunarleiðarinnar þannig að fjárfestingarstefna hennar haldist. Endurstilling er framkvæmd í ársfjórðungi afmælistímánaðar váttryggingartaka.

## 16. Útborgun

Eftir að váttryggingin er úr gildi fallin greiðir félagið út söfnunarþátt váttryggingarinnar innan 14 daga frá því að skrifleg beiðni berst frá váttryggingartaka.

## 17. Innlausnargjald

Ljúki samningi áður en 10 ár eru liðin frá upphafi hans og váttryggingartaki innleysir söfnunarþátt váttryggingarinnar greiðir hann innlausnargjald sem tilgreint er á váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

## C. Iðgjaldatrygging

Váttryggingin er innifalin ef hún er tilgreind í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

### 18. Bótasvið

18.1 Hafi váttryggður misst starfsorku sína eða hún skerast um a.m.k. 75% öðlast hann rétt til iðgjaldafrelsis og greiðir félagið iðgjöld hans þann tíma sem starfsorkumissirinn varir umfram sex mánuði samfleytt og í þann tíma sem óvinnufærnin varir óslitið eftir það tímamark, þó ekki lengur en upphaflegur samningstími segir til um. Engar iðgjaldagreiðslur eru þó felldar niður eftir 65 ára afmælisdag váttryggingartaka. Ekki getur komið til endurgreiðslu af hálfu félagsins á þegar greiddum iðgjöldum.

18.2 Váttryggður öðlast ekki rétt til iðgjaldafrelsis ef starfsorkan hefur skerast vegna:



- 18.2.1 Misnotkunar áfengis, ávana- eða fíkniefna.
- 18.2.2 Tilraunar til sjálfsvígs innan eins árs frá töku váttryggingarinnar.
- 18.2.3 Slyss er verður við fjallaklifur, í bjargsigi, hnefaleikum, hvers konar glímu- og bardaga-íþróttum, akstursíþróttum, drekaflugi, fallhlífarstökki, svifflugi, froskköfun og teygjustökki eða annarri sambærilegri háttsemi.
- 18.2.4 Slyss sem verður í flugi, nema váttryggingartaki sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmála-yfirvalda.
- 18.2.5 Slyss sem váttryggingartaki verður fyrir í handalögmáli eða við þátttöku í refsiverðum verknaði.
- 18.2.6 Kjarnabreytinga, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneyti og úrgangs-efni, beint eða óbeint.
- 18.2.7 Styrjalдар, innrásar, hernaðaraðgerða, borgararósta, uppreisnar, uppþots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.
- 18.2.8 Jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara, beint eða óbeint.

## 19. Missir starfsorku

- 19.1 Beiðni um iðgjaldafrelsi skal vera skrifleg og send féluginu innan 6 mánaða frá upphafi óvinnufærni. Henni skulu fylgja nauðsynleg gögn til mats á starfsorkumissinum féluginu að kostnaðarlausu.
- 19.2 Váttryggingartaka er skylt að tilkynna það féluginu strax er hann endurheimtir starfsorku sína að hluta eða fullu. Félagið getur ávallt krafist upplýsinga um heilsufar váttryggingartaka meðan hann nýtur iðgjaldafrelsis svo og læknisskoðunar á sinn kostnað.
- 19.3 Félagið hefur rétt til að láta ráðgefandi lækni sinn skoða váttryggðan hvenær sem er meðan óvinnufærni varir.

## 20. Mat á starfsorkumissi

Til grundvallar mati félagsins á starfsorkumissi ber að leggja hæfni váttryggingartaka til að gegna fyrra starfi sínu og möguleikum hans að vinna önnur störf.

Til starfsorkumissis telst:

- 20.1 Þegar váttryggingartaki stundar atvinnurekstur eða er launþegi og líkamleg og/eða andleg vanheilsa meinar honum að sinna sínum

venjubundna rekstri, starfsemi eða vinnu, sem hann er hæfur til með hliðsjón af menntun hans, reynslu og stöðu.

- 20.2 Þegar váttryggingartaki sinnir ólaunuðum heimilis-störfum án þess að stunda launaða atvinnu og er ófær um að framkvæma fjögur eða fleiri eftirtalinn atriða hjálparlaust:

20.2.1 Klæðast og afklæðast.

20.2.2 Þvo sér og baða sig.

20.2.3 Matast.

20.2.4 Sjá um heimilisþrif og þvotta.

20.2.5 Sinna innkaupum.

20.2.6 Sjá um matseld.

## 21. Áhættubreyting

Sérhverja breytingu á starfi er varðar áhættu félagsins, þar með talin starfslok, ber að tilkynna tafarlaust til félagsins. Einnig aðrar breytingar sem geta haft áhrif á áhættu félagsins, svo sem varðandi reykingar eða tómstundir, t.d. einka- og svifflug, svífdrekaflug, fjallaklifur, köfun og akstursíþróttir. Einnig ber að tilkynna féluginu ef ferðast er til landa þar sem stríð geisar. Láti váttryggingartaki hjá líða að tilkynna féluginu um áhættubreytingu getur það valdið réttindamissi eða uppsögn váttryggingarinnar skv. lögum um váttryggingar-samninga nr. 30/2004.

## 22. Útreikningur iðgjalds

Iðgjald er háð aldri, kyni og því hvort váttryggður reykir, hvaða atvinnu hann stundar eða hvort hann stundar tómstundaiðju sem sérstök áhætta fylgir. Einnig hafa ferðir til landa þar sem stríð geisar áhrif á iðgjaldið

## D Sameiginleg ákvæði

Sameiginleg ákvæði gilda um A, B og C kafla skilmála þessara.

## 23. Upplýsingaskylda við gerð váttryggingar-samnings

- 23.1 Váttryggingartaki, eða eftir atvikum váttryggður, skal veita féluginu þær upplýsingar sem það óskar eftir við gerð váttryggingarsamnings. Að auki ber þeim að eigin frumkvæði að veita féluginu upplýsingar um sérstök atvik sem þeir vita, eða mega vita, að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.



- 23.2 Hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína ber félagið ekki ábyrgð.
- 23.3 Hafi váttryggingartaki eða váttryggður vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta.
- 24. Upphaf ábyrgðar félagsins**
- 24.1 Ábyrgð félagsins hefst þegar það hefur tekið á móti og samþykkt beiðni um söfnunarlíftryggingu, nema um annan gildistíma hafi verið samið.
- 24.2 Samningstími váttryggingarinnar er tilgreindur á váttryggingarskírteininu.
- 25. Breytingar á samningi**
- 25.1 Á gildistíma váttryggingarinnar getur váttryggingartaki sótt um að breyta iðgjaldi, váttryggingarfjárhæð og söfnunarleið samkvæmt eftirfarandi reglum:
- 25.1.1 Allar umsóknir um breytingar á samningi skulu vera skriflegar á þar til gerðum eyðublöðum félagsins og eru háðar samþykki þess. Umsókn um breytingar skal lögð fram með 30 daga fyrirvara miðað við gjalddaga váttryggingarinnar.
- 25.1.2 Breytingar á samningi eru ekki leyfilegar fyrstu 6 mánuði samningstímans.
- 25.1.3 Ef váttryggingartaki og greiðandi eru ekki einn og sami aðili verða báðir að undirrita umsókn um breytingar.
- 25.1.4 Kostnaður vegna breytinga ákvarðast af gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.
- 26. Framlenging samnings**
- 26.1 Á gildistíma váttryggingarinnar og innan upphaflegs samningstíma getur váttryggingartaki sótt um að framlengja samninginn. Umsókn um framlengingu skal vera skrifleg á þar til gerðum eyðublöðum félagsins með 30 daga fyrirvara fyrir samningslok.
- 26.2 Sé óskað eftir iðgjaldatryggingu í framlengdum samningi og hún er samþykkt af félaginu gildir ekki tímatakmörkun sú er fram kemur í 1. mgr. 1. gr. V. kafla fyrr en framlengdum samningstíma er náð.
- 27. Samningslok**
- 27.1 Þegar upphaflegum samningstíma váttryggingarinnar er náð er söfnunarpáttur hennar laus til ráðstöfunar. Ef váttryggingartaki óskar ekki skriflega eftir greiðslu söfnunarpáttarins með 30 daga fyrirvara fyrir síðasta gjalddaga framlengist váttryggingin sjálfkrafa í eitt ár í senn, þó ekki eftir að váttryggingartaki hefur náð 70 ára aldri.
- 27.2 Þegar váttryggingu lýkur áður en upphaflegum samningstíma er náð eða sá tími er kominn og söfnunarpáttur váttryggingarinnar er ekki greiddur út verður hann þá ávaxtaður samkvæmt þeirri söfnunarleið er í gildi var á lokadegi váttryggingarinnar.
- 28. Ráðstöfun iðgjaldaeininga**
- 28.1 Félagið mun innan fimm virkra daga frá móttöku mánaðarlegs iðgjalds ráðstafa iðgjaldaeiningum.
- 28.2 Váttryggingartaki getur með samþykki félagsins ráðstafað iðgjaldaeiningum til greiðslu á iðgjöldum annarra váttrygginga.
- 29. Greiðsla iðgjalds**
- 29.1 Mánaðarlegt iðgjald fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist. Gjalddagar eru tilgreindir á váttryggingarskírteininu.
- 29.2 Ef greiðslufall verður og mánaðarlegt iðgjald ekki greitt innan tilskilins frests, sbr. 95. og 96. gr. Váttryggingarsamningalaga nr. 30/2004, eru seldar iðgjaldaeiningar til að greiða líftryggingariðgjaldið fyrir viðkomandi tímabil og einnig iðgjaldatryggingu ef hún er innifalin, en þó ekki lengur en í 4 mánuði samfleytt.
- 29.3 Vanskil geta valdið réttindamissi eða niðurfellingu váttryggingarsamningsins, sbr. 96. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 29.4 Falli ábyrgð félagsins niður vegna vanskila eftir að greitt hefur verið fyrir eitt ár hið minnsta má endurvekja váttrygginguna sem hreina áhættulíftryggingu án þess að nýjar heilsufarsupplýsingar komi til ef greitt er innan þriggja mánaða frá því að váttryggingin féll niður.
- 30. Skuldajöfnun**
- Félagið hefur heimild til að skuldajafna vangoldnu iðgjaldi gegn váttryggingarbótum sem því ber að greiða, sbr. 122. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 31. Uppsögn á váttryggingartímabili**
- 31.1 Félagið getur sagt upp váttryggingunni:



31.1.1 Með 14 daga fyrirvara ef veittar eru rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um váttryggða áhættu, sbr. 84. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

31.1.2 Fyrirvaralaust ef váttryggingartaki hefur sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um váttryggða áhættu, sbr. 84. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

31.2 Félagið getur sagt upp öllum váttryggingarsamningum sem það hefur gert við váttryggingartaka ef hann hefur sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína.

31.3 Váttryggingartaki getur slitið váttryggingarsamningi hvenær sem er með skriflegri uppsögn.

## 32. Upplýsingaskylda við uppgjör bóta

32.1 Við uppgjör bóta skal sá sem á kröfu á hendur félaginu veita því upplýsingar og afhenda gögn sem hann hefur aðgang að og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur.

32.2 Ef sá sem á kröfu á hendur félaginu veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna hins tiltekna váttryggingaratburðar. Við sérstakar aðstæður getur hann þó átt rétt til bóta að hluta, sbr. 2. mgr. 120. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 33. Sviksamleg háttsemi

Sá sem viðhefur sviksamlega háttsemi gagnvart félaginu missir allan rétt samkvæmt váttryggingar-samningi. Sé um fleiri váttryggingarsamninga að ræða getur hann einnig misst rétt til bóta samkvæmt þeim vegna sama váttryggingaratburðar, sbr. 83. og 120. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

## 34. Vísitölubinding

34.1 Sé váttryggingin vísitölubundin breytist mánaðarlegt iðgjald og váttryggingarfjárhæð á aðalgjaldsdaga váttryggingarinnar samkvæmt breytingum á vísitölu neysliverðs.

34.2 Útreikningur miðast við vísitölu mánaðarins áður en breyting fjárhæðanna á að taka gildi.

## 35. Fyrning

Krafa um váttryggingarfjárhæð fyrnist á 10 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs þegar sá er kröfuna á fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem krafa hans er reist á. Krafan fyrnist þó í síðasta

lagi á 20 árum eftir lok þess almanaksárs sem váttryggingaratburður varð.

## 36. Endurkaup

Váttrygging þessi hefur endurkaupsverð.

## 37. Veðsetning

Heimilt er að veðsetja váttryggingu þessa, sbr. 107. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Veðsetningu ber að tilkynna félaginu sem skráir hana í líftryggingaskrá.

## 38. Framsal

Heimilt er að framselja réttindi samkvæmt váttryggingu þessari, sbr. 106. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Framsalið ber að tilkynna félaginu sem skráir það í líftryggingaskrá.

## 39. Tilkynning um aðseturskipti

Váttryggingartaki skal tilkynna félaginu tafarlaust ef hann flyst búferlum.

## 40. Gjaldmiðill

Allar fjárhæðir er varða váttryggingarsamning þennan eru í íslenskum krónum (ISK) nema annað leiði af lögum eða um sé samið sérstaklega.

## 41. Meðferð ágreiningsmála

41.1 Heimilt er að leggja ágreining við félagið fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum skv. lögum um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

41.2 Úrskurðum Úrskurðarnefndar má skjóta til dómstóla.

## 42. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Félagið leggur ríka áherslu á öryggi við vinnslu persónuupplýsinga. Starfsfólk félagsins er bundið þagnar- og trúnaðarskyldu við hvers konar vinnslu persónuupplýsinga og öll vinnsla félagsins á persónuupplýsingum fer fram í samræmi við lög 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglum settum samkvæmt þeim. Í reglum um vinnslu persónuupplýsinga á heimasíðu félagsins, vis.is er að finna nánari upplýsingar um vinnsluna, þ.á.m. um það hvaða persónuupplýsingum félagið safnar, í hvaða tilgangi og á grundvelli hvaða heimilda, hversu lengi upplýsingarnar eru varðveittar og hvaða réttindi viðskiptavinir hafa varðandi vinnslu VÍS á slíkum upplýsingum.



#### **43. Varnarþing**

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Mál sem rísa út af váttryggingu þessari skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Váttryggingarskilmálar þessir gilda frá 18. október 2018.

Váttryggjandi er Líftryggingafélag Íslands hf.